

Nd.

120. Frumvarp til laga

[60. mál]

um breyting á lögum nr. 18 21. febr. 1956, um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Við 1. efnismálsgr. 2. gr. laganna bætist:

Enn fremur er biskupi heimilt að ráða prestvígðan mann sem æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar til þess að aðstoða og leiðbeina við æskulýðsstarfsemi í söfnuðum landsins.

2. og 3. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðningartími skal vera allt að 3 árum í senn.

Prestar þessir skulu hafa sömu laun og sóknarprestar, en ferðakostnaður milli prestakalla skal greiddur úr ríkissjóði, svo og húsaleiga ferðaprests þar, sem hann er settur til þjónustu, enda fái hann ekki afnot af embættisbústað prestakallsins. Kostnaður greiðist samkvæmt reikningi, er ráðherra úrskurðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Biskup Íslands hefur óskað þess, að kirkjumálaráðherra bæri fram ofanritað lagafrumvarp um að heimilað verði að ráða prestvígðan mann sem æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar. Þykir rétt að verða við þeirri ósk, og það því fremur sem óskipuð standa allmörg prestaköll og ekki hefur enn komið til framkvæmda sú fjölgun presta í Reykjavík, sem ráð er fyrir gert í lögum.

Frumvarpinu fylgdi frá biskupi svo hljóðandi greinargerð:

Á síðari árum hefur kirkjunnar mönnum sem öðrum orðið ljóst, að breyttar þjóðfélagsaðstæður krefjast nýrrar árvekni um andlega aðbúð æskulýðsins í landinu. Skólar, þótt góðir séu, eru ekki einhlítir og heimilin standa frammi fyrir mörgum vandamálum á uppeldissviðinu. Til aðstoðar skólum og heimilum um holla mótun þarf að koma frjáls starfsemi áhugamanna, sem geti laðað æskufólk að hollum hugðarefnum. Meðal presta þjóðkirkjunnar og safnaðarmanna er eindreginn áhugi á þessu verkefni. Innan þjóðkirkjunnar eru margir, bæði leikir og lærðir, sem eru fúsir til þess að vinna sjálfboðastörf fyrir æskulýð í þágu þjóðarheildarinnar.

En þeir finna mjög til þess, að þá skortir sérfróða leiðbeiningu og aðstoð til þess að koma slíkri starfsemi í æskilegt horf. Það er því í samræmi við mjög ákveðnar óskir kirkjunnar manna, að hér er farið fram á heimild fyrir biskup til þess að ráða prestvígðan mann sem æskulýðsfulltrúa fyrir kirkjuna. Er eðlilegt, að hann sé ráðinn með sama hætti og ferðaprestur, enda gæti hann þá í viðlögum gegnt forfallaþjónustu, ef þörf krefur, svo sem oft ber til, og á sínum tíma fór kirkjan fram á að fá tvo ferðapresta, en Alþingi heimilaði ekki nema einn. Til þessa starfs mundu verða valdir menn til ákveðins tíma í senn, er teldust hafa sérstaka hæfileika um forgöngu um æskulýðsmál og hefðu haft aðstöðu til að kynna sér slíka starfsemi.